

Þriðjudaginn 27. nóvember 1973.

Nr. 107/1972: **Loftleiðir h/f**

(Benedikt Sveinsson hrl.)

gegn

Carli Antoni Carlsen

(Guðlaugur Einarsson hrl.).

Dómenður:

**hæstaréttardómarnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús P.
Torfason.**

Fargjald. Gengi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. ágúst s. á. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 6.-354.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 29. nóvember 1968 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétti eru ekki bornar bríður á, að áfrýjandi sé réttur aðili málsins.

Samkvæmt málflutningsyfirlýsingum áfrýjanda verður við það að miða, að flugfargjöld hans séu að stofni til ákveðin ýmist í enskri eða bandarískri mynt.

Stefndi greiddi fargjald sitt að fullu í íslenskum krónum á því gengi, sem gildi, er hann keypti farseðilinn og fékk hann í hendur fullfrágenginn. Fargjaldsaukinn, sem áfrýjandi krefur stefnda um, stafar eingöngu af breytttri skráningu gengis íslenzkrar krónu frá því, að stefndi keypti farseðilinn, unz ferð hans hófst, án þess að stofnfargjald hefði breytzt. Fyrirvari sá í flufarseðlinum, sem um getur í héraðsdómi, verður ekki ótvírætt skýrður svo, að hann eigi við breytingu á far-
miðaverði af framangreindum orsökum. Ber þegar af þessari ástæðu að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Samkvæmt þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda

málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 30.000.00, en málinu er ekki gagnáfrýjað.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Loftleiðir h/f, greiði stefnda, Carli Antoni Carlsen, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 17. desember 1971.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 30. september 1970. Það var þingfest 2. október 1970 og fyrst dómtekið 11. nóvember s.l., en endurupptekið og dómtekið á ný 26. nóvember s.l. Stefnandi málsins er Loftleiðir h/f, Reykjavíkurflugvelli, en stefndi Carl Anton Carlsen, Leir-tjörn, Mosfellssveit, Kjósarsýslu.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 6.354.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 29. nóvember 1968 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndi krefst sýknu í málinu og að stefnandi greiði honum málskostnað að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar í málinu, en án árangurs.

Stefnandi kveður dómkröfuna vera skuld stefnda við stefnanda samkvæmt reikningi, dags. 29. nóvember 1969, fyrir eftirstöðvar fargjalds stefnda á flugleiðinni Keflavík—Kaupmannahöfn—Keflavík.

Að öðru leyti séu málavextir þeir, að hinn 9. nóvember 1968 hafi stefndi ásamt syni sínum, Svavari Martin, keypt farmiða með flugvélum stefnanda á áðurnefndri flugleið. Farmiðarnir hafi verið keyptir hjá Ferðaskrifstofunni Landsýn h/f í Reykjavík og hafi stefndi greitt fyrir sinn miða kr. 11.682.00. Þegar þeir feðgar hafi ætlað að hagnýta sér farmiðana hinn 20. nóvember 1968 og ferðast, svo sem til hafi staðið, hafi verið búið að lækka gengi íslenzku krónunnar gagnvart erlendri mynt. Hafi flugfargjöld hækkað, frá því að miðarnir voru upphaflega gefnir út, og hafi fargjaldið eftir hækkunina numið kr. 18.036.00. Í samræmi við það hafi verið gefnir út nýir farseðlar í söludeild Loftleiða á Keflavíkurflugvelli og þeim feðgum gert að greiða mismuninn. Hafi þeir skrifað und-

ir yfirlýsingu varðandi nefnda fargjaldabreytingu „under protest“, eins og komizt sé að orði.

Með reikningi, útgefnum 29. nóvember 1968, hafi stefndi verið krafinn um mismun á áðurnefndum fargjöldum þeirra feðga, eða um samtals kr. 12.708.00. Síðar hafi hins vegar komið í ljós við athugun, að áðurnefndur sonur stefnda hafi verið fulltíða maður og hafi því ferðast á eigin vegum. Af þeim sökum hafi upphaflegi reikningurinn verið tekinn til endurskoðunar og í stað hans útbúnir tveir reikningar, stílaðir á hvorn þeirra feðga fyrir sig, hvor að fjárhæð kr. 6.354.00.

Með bréfi, dags. 28. október 1969, hafi umboðsmanni stefnda verið sendur umræddur reikningur og honum skýrt frá því, að reikningurinn kæmi í stað og til leiðréttingar fyrri reikningi að fjárhæð kr. 12.708.00. Hafi í bréfinu verið skorað á stefnda að greiða skuldina fyrir 10. nóvember 1969.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu bréf flugmálastjórnarinnar til Loftleiða h/f, dags. 28. september 1967, þar sem tekin er af staða til óskar Loftleiða h/f um að framlengja um tveggja ára skeið vetrarfargjöld, er hafi verið í gildi á flugleiðinni Ísland—Luxembourg á tímabilinu 1. október til 1. apríl 1968. Í bréfi þessu segir meðal annars orðréttt: „Með því að umrædd fargjaldalækkun mundi brjóta algjörlega í bága við margyfirlýsta stefnu íslenzkra flugmálayfirvalda um, að gilda skuli IATA fargjöld milli Íslands og annarra Evrópulanda, en einmitt vegna þessarar stefnu hefur tekizt að gera loftferðasamninga við hin Evrópulöndin um flug íslenzkra flugfélaga til þessara landa, þá telur flugráð ekki rétt að víkja frá hinum almennu IATA-fargjöldum á einni tiltekinni flugleið. Getur flugráð því ekki fallizt á erindi Loftleiða . . .“

Þá hefur stefnandi og lagt fram „umboðssamning“ milli Loftleiða h/f og Landsýnar h/f, dags. 10. febrúar 1964. Samningur þessi er á ensku og ber yfirskriftina „Passengers sales agency agreement“.

Stefndi hefur komið fyrir dóm. Hann sagðist ekki hafa lært ensku í skóla. Hann læsi ekki ensku, en gæti talað hana svolítið. Hann sagðist ekki geta lesið það, sem stæði á bls. 2 á farseðlinum, dskj. nr. 20. Þegar hann hafi keypt umræddan farseðil, hafi honum ekki verið bent sérstaklega á og hann hafi ekki kynnt sér af sjálfsdáðum það, sem letrað er á 2. bls. hans. Honum hafi ekki verið sagt, að fargjald það, sem hann greiddi, gæti hækkað, áður en til ferðar kæmi, og ekki hafi hann spurzt fyrir um það atriði. Ekki hafi heldur komið til tals, er hann keypti umræddan far-

seðil, að verð hans væri í öðrum verðmæli en íslenskum krónum. Hann sagðist hafa keypt umræddan farmiða hjá Landsýn h/f og ekki hafi hann kynnt sér það, sem skrifað væri í form hans, að öðru leyti en því, að hann hafi kynnt sér dagsetningar.

Að ósk stefnanda hefur komið fyrir dóminn Ásbjörn Magnússon, sölustjóri stefnanda. Hann staðfesti fyrir rétti, að dskj. nr. 18 væri ljósrit af samningi milli stefnanda og Landsýnar h/f um söluumboð handa þeim síðarnefnda fyrir hönd stefnanda. Kannaðist hann við undirskrift sína á því skjali.

Stefnandi heldur því fram, að enginn vafi sé á um aðild stefnanda. Ferðaskrifstofan Landsýn h/f sé umboðsmaður stefnanda, svo sem fram komi í framlögðum samningi þessara aðilja. Umrædd ferðaskrifstofa hafi gefið farmiðann út á eyðublöð stefnanda og í hans nafni og hafi þannig skuldbundið hann sem umboðsmaður.

Að öðru leyti byggir stefnandi kröfur sínar fyrst og fremst á ákvæðum í farseðlum félagsins svo og í ferðaáætlun, þar sem ræðir um far- og farmgjöld. Neðst á bls. 2 í farseðli stefnda, sem lagður hefur verið fram í málinu, í kafla, sem beri yfirskriftina, „Condition of Contract“, sé letrað stóru áberandi lettri: „Price of this ticket is subject to change prior to commencement of travel“, eða í þýðingu löggilts skjalapýðanda: „Verð farmiða þessa er háð breytingum, áður en ferð hefst“. Í áðurnefndum ferðaáætlunum, sem einnig hafa verið lagðar fram í málinu, segir orðrétt: „Flugáætlanir, fargjöld og aðrar upplýsingar um flugferðir eru háðar samþykki viðkomandi flugmálayfirvalda. Auk þess áskilur félagið sér rétt til annarra fyrirvaralausra breytinga“.

Stefnandi heldur því fram, að nefndir skilmálar á 2. bls. farmiðans séu skuldbindandi fyrir aðilja málsins. Stefnda hafi verið eða hafi mátt vera ljóst, að fargjöld kynnu að hækka, áður en hann færi þá ferð, er hann hafði ráðgert. Til frekari áherzlu séu ákvæðin í ferðaáætlunum félagsins, enda sé greinilega gagnert að því stefnt, að engum geti dulizt, hverjum samningsákvæðum hann sé háður við gerð þess farsamnings, sem raunverulega stofnist við kaup á flugfarseðli. Við munnlegan flutning málsins vitnaði lögmaður stefnanda í þessu sambandi í lög nr. 41/1949, sem staðfesta lagagildi Varsjársmningsins svonefnda frá 29. október 1929, með breytingum í Haag 1955, sbr. lög nr. 46/1956, en í 1. málilið 2. tölul. 3. gr. þess samnings segir: „Farseðill skal, ef hið gagnstæða sannast ekki, gilda sem sönnun á því, að flutningssamningur hafi verið gerður, svo og á ákvæðum hans.“

Í hinum munnlega málflutningi hélt lögmaður stefnanda því enn fremur fram, að stefnandi væri bundinn af ákvæðum Alþjóðastofnunar flugfélaga, IATA (International Air Transport Association), um fargjöld á flugleiðinni milli Íslands og Danmerkur. Vitnaði lögmaðurinn í því sambandi í áðurnefnt bréf flugmála-stjórnarinnar til stefnanda.

Þá sagði lögmaður stefnanda, að samkvæmt reglum fyrir aðildarfélag IATA væri verð farmiða ákveðið í „shillingum“, og miðaðist það við upphaf ferðar.

Að öllu þessu athuguðu telur stefnandi ljóst, að stefnda beri að greiða umrædda fargjaldshækkun, enda eigi lög nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga ekki við um samningsaðstöðuna í þessu máli, svo sem raunar 13. gr. laganna beri með sér, þar sem segi: „Þegar áunnin réttindi og skyldur samkv. fyrri lögum skulu þó halda gildi sínu“.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi sé ekki réttur aðili málsins, þar sem stefndi hafi ekki átt nein viðskipti við hann, heldur Ferðaskrifstofuna Landsýn h/f, svo sem gögn málsins beri með sér. Þá styður stefndi sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnda sé ekki skylt að greiða umrædda fargjaldshækkun, hvorki samkvæmt íslenskum lögum né alþjóðasamningum. Áðurnefndur fyrirvari á bls. 2 í farseðli stefnda brjóti í bága við íslensk lög, þ. á m. áðurnefnd lög nr. 71/1966. Sú skylda verði heldur ekki lögð á stefnda í málinu að skilja „eitthvert enskt hjál“ á farmiða stefnanda, enda sé stefnda óskylt að hlíta einhliða áritunum á farmiða eða flugáætlanir af hálfu stefnanda, meðan engin lög á Íslandi séu samhljóða slíkum „ticket-yfirlýsingum“. Í hinum munnlega málflutningi mótmælti lögmaður stefnda því sérstaklega, að 13. gr. laga nr. 71/1966 ætti við í þessu máli, því að þar væri að finna tæmandi upptalningu á þeim ákvæðum laga, sem halda ættu gildi sínu eftir gildistöku laga nr. 71/1966.

Með útgáfu farseðils hinn 9. nóvember 1968 komst á samningur með aðiljum á þá leið, að stefnandi skyldi flytja stefnda flugleiðis frá Keflavík til Kaupmannahafnar hinn 20. nóvember 1968 og til baka aftur. Greiddi stefndi við afhendingu farseðilsins íslenskar kr. 11.682.00.

Farseðillinn var gefinn út af Ferðaskrifstofunni Landsýn h/f í Reykjavík í umboði stefnanda. Er því stefnandi réttur aðili málsins.

Á farmiða, dagsettan 9. nóvember 1968, er skráð fargjald US \$ 190.50, jafngildi ísl. kr. 10.867.00, skattur ísl. kr. 815.00, alls

íslenzkar kr. 11.682.00. Við munnlegan málflutning upplýsti lögmaður stefnanda, að fyrir mistök hafi færslur víxlað milli dálka á farseðlinum. Á farseðli, dagsettum 20. nóvember 1968, er fargjald skráð US \$ 190.50, jafngildi íslenskum kr. 16.778.00, skattur íslenzkar kr. 1.258.00, alls íslenzkar kr. 18.036.00. Mismunur ofangreindra niðurstöðufjárhæða, kr. 6.354.00, er stefnukrafan í málinu.

Við gengisbreytingu íslenzku krónunnar þann 11. nóvember 1968 hækkaði sölugengi bandaríkjadals þannig, að fyrir breytinguna jafngilti 1 bandaríkjadalur íslenskum kr. 57.07, en eftir breytinguna íslenskum kr. 88.10.

Krafa stefnanda um hækkun á endurgjaldi samkvæmt áðurnefndum samningi er reist á þessari breytingu á gengi íslenzku krónunnar miðað við bandaríkjadal, sem varð á tímabilinu frá samningsgerð, þar til stefndi tókst ferð sína á hendur, enda var fargjaldið tilgreint í bandaríkjadöllum í farseðlinum. Hækkun á fargjaldinu með þessum hætti fær ekki samrýmt fortakslausum ákvæðum 1. gr. laga nr. 71/1966. Þar sem stofnað var til skyldna og réttinda aðilja samkvæmt samningnum eftir gildistöku nefndra laga, á undantekningarregla 13. gr. þeirra ekki við. Ber þegar af þessum ástæðum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Björn Þ. Guðmundsson dómsformaður ásamt meðdómsmönnum Gauki Jörundssyni prófessor og Tómasi Zoëga framkvæmdastjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Carl Anton Carlsen, skal sýkn vera af kröfum stefnanda, Loftleiða h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.